



Til Efnahags- og velferðarnefndar Alþingis

**Umsögn Golfsambands Íslands um frumvarp til laga um breytingar á virðisaukaskatti nr.50/1988.
Þingskjal 608- 411. mál.**

Golfsamband Íslands er í forsvari fyrir golfhreyfinguna á Íslandi. Golfhreyfingin samanstendur af 65 golfklúbbum víðsvegar um landið og eru skráðir félagar í hreyfingunni tæplega 17.000 talsins. Það gerir Golfsamband Íslands að næst stærsta sérsambandi innan íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Golfsambandið fagnar þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu sem miða að því að breyta virðisaukaskattsumhverfi íþróttahreyfingarinnar þar sem lagt er til að endurgreiða skuli íþróttá- og ungmennafélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið af vinnum manna við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhalds íþróttamannvirkis, af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með nýbyggingu, endurbyggingu eða viðhaldi þess háttar húsnæðis sem og af efniskaupum. Golfsambandið styður þessa tillögu heilshugar og hvetur nefndina til að stíga skrefið til fulls og hverfa frá þeirri tillögu að einungis verði um að ræða bráðabirgðaákvæði til eins árs og í staðinn verði þetta ákvæði til framtíðar í lögum um virðisaukaskatt.

Golfsambandið vekur þó athygli á þeirri staðreynd að íþróttamannvirki eru reist og byggð af fleiri aðilum en íþróttá- og ungmennafélögum og að það gæti valdið brotum á jafnræðisreglum ef mismunandi reglur gilda um endurgreiðslur eftir rekstrarformi þess sem reisir íþróttamannvirkin. Því sé eðlilegt að endurgreiðsla samkvæmt tillögunni gildi almennt um íþróttamannvirki, óháð rekstrarformi þess sem sér um uppbygginguna.

Ekki þarf að fjölyrða um þjóðhagslegt mikilvægi íþróttá í samfélaginu og eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu staðfesta rannsóknir forvarnargildi þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi. Þá hafa rannsóknir sýnt með ótvíræðum hætti mikilvægi hreyfingar á öllum aldurskeiðum fyrir heilbrigði



einstaklingsins og bætt lífsgæði. Sá sparnaður sem bætt heilbrigði landsmanna leiðir til í heilbrigðiskerfinu margfaldast að okkar mati í réttu hlutfalli við þá fjármuni sem veitt er í þennan málaflokk. Ívilnanir í formi endurgreiðslu virðisaukaskatts af framkvæmdum og viðhaldi íþróttamannvirkja skila sér þannig margfaldar til baka í minni útgjöldum í heilbrigðis- og félagsmálum.

Vegna 1. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að öll starfsemi íþróttafélaga verði undanþegin virðisaukaskatti, vill golfsambandið vekja athygli á að fleiri aðilar en íþrótt- og ungmennafélög sinna verkefnum er stuðla að lýðheilsu og heilbrigði. Í mörgum tilfellum er starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga í samkeppni við almenn atvinnufyrirtæki og getur verið flókið í framkvæmd að öll sölustarfsemi íþróttafélaga verði undanþegin virðisaukaskatti. Þannig gæti golfklúbbur verið með verslun á sínum vegum sem selur búnað til golfiðkunar og hefði heimild til að selja sínar vörur án þess að leggja á varninginn virðisaukaskatt, en íþróttavöruverslun í næsta nágrenni þarf að leggja virðisaukaskatt á sömu vöru.

Íþróttahreyfingin leitar stuðnings hjá fyrirtækjum landsins og skiptir miklu máli að starfsemi hreyfingarinnar sé í góðri sátt við atvinnulífið. Lagasetning sem eykur mismunun og beinir samkeppnisrekstri inn á ákveðnar brautir er ekki heppileg fyrir íþróttahreyfinguna. Markmið stjórnvalda er að einfalda rekstrarumhverfið í landinu og einfalda skattkerfið. Því mætti skoða hvort ekki yrði heppilegra fyrir íþróttahreyfinguna að fella út undanþágur um virðisaukaskatt samkvæmt 2. gr. laga um virðisaukaskatt og setja starfsemi íþróttahreyfingarinnar undir almenn ákvæði virðisaukaskattslaga, en til að koma til móts við markmið um lýðheilsu og stuðning við íþróttastarf að heimila að félags-, æfingagjöld og aðgangseyrir að íþróttakappleikjum verði undanþegin virðisaukaskatti.

Með þeirri breytingu yrði öll starfsemi íþróttahreyfingarinnar virðisaukaskattskyld með sama hætti og hefðbundinn rekstur, hvort sem um er að ræða samkeppnisrekstur eða hefðbundna íþróttastarfsemi. Þess í stað fengi íþróttahreyfingin heimild til að telja veltu vegna félagsgjalda, æfingagjalda og aðgangseyris sem óskattskylda veltu. Sú undanþága félli þá undir 12. gr. laga um



virðisaukaskatt. Með slíkri breytingu er hægt að nálgast þau markmið stjórnvalda að einfalda virðisaukaskattskerfið og í leiðinni ná því markmiði að bæta rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar.

Varðandi þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að breytingarnar séu að hluta til lagðar fram til að aflétta ábyrgð stjórnarmanna og annarra sjálfboðaliða á framtals- og skattskilum, þá er það skoðun golfsambandsins að skynsamlegra sé að hækka frímark varðandi skráningarskyldu á virðisaukaskattskattskrá frá því sem nú er og koma þannig til móts við það sjónarmið að búa til hvetjandi umhverfi fyrir sjálfboðaliðastarf.

Reykjavík 26. mars 2015

Virðingarfyllst,

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands